

REGLUR um lögregluráð.

1. gr.

Ríkislöggreglustjóri skal starfrækja lögregluráð. Í því eiga sæti auk ríkislöggreglustjóra, aðrir löggreglustjórar, þ. á m. héraðssaksóknari, sbr. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Lögregluráð skal hafa forgöngu um að boða aðra aðila, þ. á m. dómsmálaráðherra og starfsmenn ráðuneytis hans, til funda ráðsins, eftir því sem tilefni er til, til að ræða einstök mál er varðar málefni lögreglunnar.

2. gr.

Lögregluráð skal vera formlegur samstarfsvettvangur löggreglustjóra á Íslandi. Hlutverk þess er að efla samstarf og samráð á meðal löggreglustjóra, m.a. á sviði stefnumótunar. Ráðið tekur hins vegar hvorki stjórnvaldsákvarðanir né aðrar bindandi ákvarðanir.

3. gr.

Markmið lögregluráðs er að samræma og samhæfa störf lögreglu með það að leiðarljósi að tryggja hagræðingu, framþróun, fagmennsku og öryggi í starfsemi lögreglunnar.

4. gr.

Ríkislöggreglustjóri er formaður lögregluráðs. Hann boðar til funda í ráðinu, leggur fram dagskrá funda að höfðu samráði við lögregluráð og heldur fundargerðir. Jafnframt sér hann um samskipti við fjölmíðla varðandi upplýsingagjöf um starfsemi lögregluráðs. Óski löggreglustjóri eftir því að koma tilteknu máli á dagskrá skal ríkislöggreglustjóri verða við því berist ósk um það með hæfilegum fyrirvara, sbr. 2. mgr. 6. gr.

Ráðherra getur óskað eftir því að ríkislöggreglustjóri, í samráði við lögregluráð, vinni tillögur um ýmis mál, t.d. vegna undirbúnings lagabreytinga og setningu reglugerða.

5. gr.

Ríkislöggreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra skv. 4. gr. lögreglulaga og flytur lögregluráði boð hans og fyrirmæli. Hlutverk og starfsemi lögregluráðs hefur ekki áhrif á þá ábyrgð sem löggreglustjórar bera samkvæmt lögreglulögum eða öðrum lögum sem þeim ber að starfa eftir.

6. gr.

Fundi í lögregluráði skal að jafnaði halda einu sinni í mánuði og leggur ríkislöggreglustjóri fram áætlun um fundahöld til hálfss árs í senn. Lögregluráð getur þó fundað oftar ef þurfa þykir.

Dagskrá fundar og þau gögn sem til stendur að ræða á fundum ráðsins skulu liggja fyrir með hæfilegum fyrirvara og að jafnaði eigi síðar en tveimur dögum fyrir áætlaðan fundardag.

7. gr.

Á fundum lögregluráðs skal rætt um samstarf innan lögreglu, samræmingu verklags, framþróun og stefnumótun.

Almennt skal ríkislöggreglustjóri leita samráðs við lögregluráð og upplýsa ráðið um eftirtalin verkefni:

- a) Stefnumótun lögreglu.
- b) Samræmt verklag löggregluembætta, t.d. við setningu verklagsreglna.
- c) Ákvarðanir um sameiginleg útboð, ráðstöfun fjármagns vegna sameiginlegra verkefna og rekstur tækja lögreglu.
- d) Framkvæmd löggæsluáætlunar.
- e) Ákvarðanir um að fela einstökum löggreglustjórum verkefni á landsvísu.
- f) Viðfangsefni sem kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu.

- g) Tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi löggreglunnar.
- h) Önnur verkefni sem ráðherra, ríkislögreglustjóri eða aðrir löggreglustjórar óska eftir að rædd verði í löggregluráði.

Almennt skulu löggreglustjórar leita samráðs við löggregluráð og upplýsa ráðið um veigamiklar ákvarðanir og önnur mál sem eðli máls samkvæmt geta haft áhrif á starfsemi löggreglunnar í heild eða á framkvæmd löggreglutarfa á landsvísu.

8. gr.

Náist ekki samstaða um einstök mál í löggregluráði sem geta haft umtalsverð áhrif á starfsemi löggreglunnar í heild eða á framkvæmd löggreglutarfa á landsvísu, skal ríkislögreglustjóri tilkynna um það til ráðherra, og eftir atvikum ráðfæra sig nánar við hann um málið, áður en ákvörðun er tekin.

9. gr.

Ríkislögreglustjóri skal senda dómsmálaráðuneyti og löggreglustjórum allar fundargerðir ráðsins eins fljótt og auðið er eftir hvern fund.

10. gr.

Ríkislögreglustjóri getur sett nánari verklagsreglur um starfsemi löggregluráðs.

11. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 43. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr. og 7. mgr. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 13. mars 2020.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2020